

## Um siðaathafnir

Oft heyrast mjög misjafnir dómar og rangir um siði og siðaathafnir. Hefur sumt af því verið fremur hnjóðsyrðakennt og borið vott um afar litla getu eða vilja til þess að kynna sér málavexti. Sumir þeirra dóma sem upp hafa verið kveðnir eru blátt áfram byggðir á vanþekkingu og hindurvitnum. Aðrir eru orðnir til fyrir drottinvaldsdýrkun og endurteknir við hvert tækifæri, af því að einhver trúarbragðahöfundur eða mikilmenni hafi átt að halda því fram, og nú síðast Krishnamurti, og hann svo notaður sem árásarefni, því hann hafi látið í ljós þá skoðun að siðir væru til hindrunar andlegum þroska manna. Jiddu Krishnamurti (12. maí 1895 – 17. febrúar 1986) fæddist á Indlandi, var uppallinn af tveimur breskum guðspekingum, hann ferðaðist víða og hélt fyrirlestra um adleg mál. Hann bjó síðustu árin í Bandaríkjunum.

Að minni hyggju væri það ekki úr vegi að athuga hvort þetta sé í raun og veru rétt ályktun.

### Er nokkuð gagnslaust til eða illt?

Rétt er að athuga þetta áður en lengra er haldið. Maður getur í rauninni breytt spurningunni og spurt: Er nokkuð illt til?

Hugsi menn vandlega, þá býst ég við að fyrir eða síðar hljóti þeir að komast að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Svárið hlýtur að vera: Nei, það er ekkert illt til. Afleiðing þessa er þá sú, að siðir og siðaathafnir eru ekki neitt illt og geta ekki verið með öllu gagnslausir, því að öðrum kosti væru þeir alls ekki til. En þeir geta gert mismunandi mikið gagn undir hinum ýmsu kringumstæðum. Að siðir og siðaathafnir geti staðið andlegum þroska manna fyrir þrifum, hlýtur þar af leiðandi að vera röng ályktun, jafnvel þótt einhver trúarbragðahöfundur hafi sagt það, eða Krishnamurti.

### Hvar er villan?

Samkvæmt því sem að framan er sagt getur alls ekki verið um það að ræða að villuna sé að finna í siðunum eða siðaathöfnunum. Það kemur ekki til mála. Hún hlýtur að vera einhvers staðar annars staðar. Og þá býst ég við að ekki sé nema um einn stað að ræða: Mennina sjálfa.

Skulum við nú athuga það nokkru nánar.

Hver er orsök þess að siðaathafnirnar eru bindandi? Persónuleiki manna, hinn lægri maður — ekki hinn innri maður þeirra — geymir villuna. Þar er hana að finna og annars staðar ekki. Á meðan persónuleikinn ræður er maðurinn háður hinu ytra, einnig siðaathöfnum. En af þessu leiðir aftur það, að þýðingarlaust er að henda siðaathöfnunum sem hækjum á meðan persónuleikinn er ekki vaxinn upp úr þeim, því að á sama augabragði og hann kastar þeim grípur hann aðrar, því að orsökina er ekki horfin um leið og hækjunum er kastað. Hún heldur áfram að vera til þangað til að búið er að útrýma henni.

Þeir sem mest tala um þetta hafa að minni hyggju ekki gert sér grein fyrir því hvar þungamiðjan liggur og fara því villir vegar.

Til þess að skýra þetta mál nánar vil ég bæta hér við fjórum hliðstæðum sem ég vona að geri mönnum léttara að skynja hvað ég á við er ég álít að þeir hafi rangt fyrir sér sem halda því fram að hættur liggi í siðaathöfnum.

## Smiðurinn

Maður sem nemur einhverja iðn notar ýmis áhöld og lærir að meðhöndla þau, t.d. hamar. Í fyrstu er honum alls ekki sýnt um að nota áhaldið, hann er skeifhöggur<sup>2</sup>, sem svo er nefnt. En við æfingu og tilsögn tekst honum smám saman að ná hinum réttu tókum á meðhöndlun áhaldsins og að lokum verður honum svo tamt að beita því að sjaldan kemur fyrir að hann slái skakkt högg, og þetta er honum engin fyrirhöfn, því hann gerir þetta án þess að þurfa að beina athyglinni ákveðið að því. Það er orðið að vana, eins og menn nefna það. Ég býst ekki við að neinum heilbrigðum manni detti í hug að halda því fram að maðurinn ætti að hætta við verk sitt, að læra að halda á hamri og ná svo tókum á meðferð hans að það truflað hann í raun og veru ekki neitt að fara með hann, og því leiknari sem hann verður í notkun þessa dýrmæta áhalds, því meira gagn gerir hann. Ef hann fleygði nú áhaldinu frá sér, eins og andstæðingar siðaathafna halda fram, þá yrði hann aldrei nothæfur smiður.

<sup>2</sup> Skeifhöggur = sá sem hittir ekki það (t.d. nagla) sem hann ætlar að slá á, hæfir illa með hamri eða öðru barefli. *ÍSL. ORÐABÓK.*

## Hljómlistarmaðurinn

Hljómlist og siðaathafnir er nátengt og í raun réttri óaðskiljanlegt. Það er öllum ljóst að hljómlistarmaður er í byrjun enginn snillingur, og að það líða mörg ár janfvel áratugir til þess fyrir hann að ná tókum og þroska í leikni í mennt sinni og hæfni. Á því er enginn vafi, að sökkuvi hann sér niður í þetta eina, þá verði hann mjög einhliða. Þó er þetta ef til vill sú grein listanna sem göfgar hann allra mest. Væri nú rétt, vegna þess að hætta er á að þessi viðleitni mundi takmarka mjög þroska hans í aðrar áttir, að krefjast þess að hann kasti frá sér þessum takmörkunum? Ég held ekki, því að hæfilegum tíma liðnum hefur hann náð svo miklum tókum á þessu verkefni að það er orðið honum létt verk, og í ýmsum greinum fyrirhafnarlítið, af þeirri einföldu ástæðu að hann hefur í byrjun takmarkað sig til þess að verða meistari í þessari grein listanna. Þegar hann hefur náð því stigi fær hann áreiðanlega þessa fórn sína margborgaða. Og hver verður fullkominn í nokkurri grein lista, vísinda og þekkingar án fórnar, án þess að fara veg takmarkananna og fórnarinnar? Þeir yrðu að minni hyggju þá fáir afreksmennirnir.

## Tískan

Tæplega er til nokkur skóli í veröld þessari sem er strangari en tískan. Og henni lúta allir, háir og lágir, lærðir og leikir, eldri og yngri, aulinn og vitringurinn. Og þeir sem nokkurs mega sín og álitnir eru öðrum fremri verða sérstaklega að lúta valdi tískunnar. Annars hefðu þeir engan frið og við þeim yrði tæplega lítið.

Allir fylgja tískunni alveg möglunarlaust, og telst hún þó til hinna óskráðu laga. Það virðist því frekar ástæða til að taka ekki jafn mikið tillit til hennar og gert er. Oft og tíðum virðist hún vera skaðleg og jafnvel hættuleg heilsu manna. Einstöku menn mögla lítills háttar, en svo er látið við sama sitja.

Þrátt fyrir þetta er þó ógerningur að komast að öllu leyti framhá tískunni. Sumar kröfur hennar bera jafnvel í sér fegurðarsmekk og glæsibrag. En harðstjóri er hún óneitanlega og skerðir mjög athafnafrelsi manna. Athafnaskerðing þessi hefur eigi að síður í sér innifalda

mikla og dýrmæta þjálfun, sem mönnum er nauðsynleg. Því að jafnvel menn sem ekki vilja hlýða landslögum eru sumir hverjir sjálfviljugir þrælar tískunnar.

Mundi nú rétt að afnema og ganga í berhögg við alla tísku vegna þess að hún takmarkar freklega athafnafrelsi manna? Ég held að það sé ekkert vit. Ég held að með því gerðu menn meiri skaða en gagn. Þegar menn hafa náð tökum á tískunni, og hafa lært að beina henni í réttar og heppilegar áttir, þá verður hún þeim ekkert þrældómsok lengur og gerir þeim það gagn sem hún hefur í sér fólgið.

### Löggjöfin

Og ríkin setja alls konar lög um hátterni manna og lífernismáta. Lögin eru siðareglur sem þjóðfélagið semur sér og lætur menn fara eftir. Siðareglur þessar eru svo strangar, að ekki má frá þeim víkja.

Mörgum mönnum, í nálega öllum stéttum, er meinilla við lögin og gera allt sem þeir geta til þess að komast hjá þeim, vegna þess að þeim þykja þau band á athafnafrelsi sínu. En aðrir brjóta lögin hispurslaust og virða þau gersamlega að vettugi.

En þrátt fyrir allt þetta eru lögin í allflestum tilfellum ekki afnumin, vegna þess að kostir þeirra og gagn fyrir einstaklinga og heildina yfirgnæfa ókostina.

Menn geta ekki farið svo fótímál ferða sinna, hvorki gangandi, akandi, siglandi né í flugvél, án þess að fylgja ákveðnum siðareglum öryggisins vegna, og þessar siðareglur, sem þjóðfélagið setur, eru á mæltu máli nefndar umferðareglur. Sé þessum reglum, siðareglum, stranglega fylgt verða fá umferðarslys. Fjöldi manna, t.d. í Reykjavík, brjóta stöðugt umferðareglurnar, bæði vísvitandi og óafvitandi, og mörgum finnast þær óþarfar og mikil skerðing á ferðafrelsi sínu. En samt dettur engum í hug að heimta þessar siðareglur afnumdar vegna þess að þær séu takmörkun á þroskamöguleikum þeirra. Þegar menn hafa iðkað og lotið þessum siðareglum í hæfilega langan tíma, þá vita þeir loksins ekkert af þeim vegna þess að þeir eru komnir í samræmi við þær.

Ég hef í framanskráðum athugunum gert nokkur atriði að samanburðarverkefni í þessu máli.

Við nálega allt sem við gerum verðum við að viðhafa siði og siðaathafnir og það hefur enginn að því fundið. Þess er heldur engin von, því að það eru sjálfsagðir og eðlilegir hlutir. Og sé lífið almennt skoðað, þá sjáum við að það er fullt af siðaathöfnum, og er það næsta undarlegt að heyra, jafnvel af munni sæmilega greindra manna, umsagnir um það að siðir og siðaathafnir séu ekki einungis óþarfar, heldur einnig skaðlegar.

En enginn hlutur er í rauninni skaðlegur, og því síður óþarfur, því að allir hlutir hafa sinn tilgang. Það er aðeins skammsýni manna sem er óþörf og skaðleg, og það eru takmarkanir þeirra sjálfra sem eru mergurinn málsins. Það er skilningur manna á helgisíðum, sem er svo takmarkaður, sem hér er um að ræða og sem stendur þeim í vegi fyrir því að geta unnið sér verulegt gagn úr þeim. Það er í rauninni, að minni hyggju, mikill minnihluti manna í veröldinni sem getur tekið þátt í þeim með verulegum árangri, enn sem komið er. En þrátt fyrir það er það alls engin ástæða gegn þeim.

Megnið af mönnum eru svo sérgóðir og óstýrilátir og hafa ekki ennþá numið þá félagslegu menningu sem gerir þeim kleift að fara með helgisiði. Þeirra lægri mann og skapgerð vantar alla þjálfun og þjónustuvilja sem óhjákvæmilega verður að vera því samfara að geta farið með helgisiði og verið þátttakendur í þeim.

Menn sem ekki geta af sérgæðingshætti lotið neinni stjórn, og eru vegna skapgerðargalla óhæfir til þess að stjórna verkum og hafa yfirumsjón með öðrum, eru gersamlega óhæfir til þess að fást við þessa hluti. Enda verður eðlileg og bróðurleg samúð og samvinna, sem er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að helgisiðir komi að gagni, gersamlega útilokað þegar um slíka menn er að ræða. En skapgerðargallar og óstýrilátt framferði verða aldrei ástæður sem eru frambærilegar gegn notkun helgisiða. En þarna er meinsemdin, að mínum dómi.

Þegar menn hafa vaxið upp úr takmörkununum, ekki með því að fleygja frá sér verkefnum, heldur með því að fást við þau og glíma við þau, uns þeir hafa sigrast á þeim með vinsamlegri samvinnu við þau, þá verða þeir þess fyrst varir að þau voru dýrmætur og ómissandi leiðarvísir til hins fullkomna frelsis. Og þeir einir sem taka þessa stefnu, bæði með tilliti til helgisiða og allra annarra viðfangsefna manna, munu kannast við það, að þetta er eina leiðin til þess að verða frjáls. Þegar menn hafa vaxið upp úr takmörkunum laganna með því einu að hlýða þeim nákvæmlega, þá verða þau engin bönd á þeim lengur. Og slíkir menn verða færastir um það að verða leiðtogar þjóðanna á þróunarbraut þeirra. Í höndum hinna fer það meira og minna í handaskolum.

### Meðferð siðaathafna

Þá er það önnur hlið á þessu máli sem ég vildi taka lítils háttar til yfirvegunar, því að menn hafa, að minni hyggju, ekki gert sér fyllilega ljóst hvernig meðferð helgisiða eigi að vera og hvað til þess útheimtist.

Ég verð að taka það fram þegar í stað, að það er nokkur munur á því hvers konar siðaathafnir það eru sem um er að ræða. Hvort það eru siðaathafnir sem eru einungis eftirgerðar og hafa ekkert innra eða „sakramentalt“ gildi, eða þær sem hafa það. Siðaathafnir sem ekki hafa „sakramentalt“ gildi, krefjast ekki jafn nákvæmrar meðferðar og hinar sem eru „sakramentalar“, eða „magiskar“, þær sem eru farvegur fyrir æðri öfl og hafa fastákveðið samband við þau. Þó skaðar það ekki að nákvæmni og leikni sé viðhöfð í meðferð þeirra, því að hún er ævinlega menningar- og fegurðarauki. En slíkar siðaathafnir líða ekki neitt við það út af fyrir sig þótt ekki sé fylgt jafn ströngum kröfum og gera verður til meðferðar hinna.

Þegar um siði og helgisiðaathafnir er að ræða sem hafa „sakramentalt“ gildi, er um margar kröfur að ræða ef hlutaðeigandi helgipjónusta á að geta notið sín.

Þeim sem fara þróunarleið helgisiða má skipta í tvo flokka, þá sem hafa í sér ríka tilfinningu fyrir fegurð þeirra og anda, og þá sem skynja að meira eða minna leyti hið innra og dulræna gildi þeirra.

Fyrri flokkurinn fer með þá í samræmi við afstöðu sína og hann leggur áherslu á að fegurðin í formi njóti sín þannig að andinn geti sem best birst þeim og þeir miða alla viðleitni sína við það.

Síðari flokkurinn tekur þetta einnig með, en hann bætir við umhugsuninni um hið innra form, hina innri byggingu sem gerð er á meðan athöfnin fer fram. Hann hugsar hana á hverju stigi hennar, því að þá aðstoðar hann hina duldu byggingarmenn í verki sínu.

Sumum finnst helgisiðir vera eins konar sjónleikur, sem lítið eða ekkert raunverulegt gildi hafi, en það er misskilningur. Þeir hafa bæði ytra og innra gildi. Og sjónleikir eru þeir. En sá er þó munurinn, að listamaðurinn á leiksviðinu hefur þess að gæta að birta skilning höfundarins í látbragði og máli, en sá sem fer með helgisiði verður að gera meira. Hann verður að flytja vel og skilmerkilega það sem hann á að segja, eins og leikarinn, og hann verður um leið að framkvæma hreyfingar sínar nákvæmlega eins og fyrirskipað er, en þar hefur leikarinn val. Hann verður að gefa efninu eins mikið af lífi sínu og honum er frekast unnt, og hann verður að fylgjast með hinni innri byggingu. Allt þetta verður hann að gera samstundis, ef hann á að fullnægja sæmilega meðferð helgisiða svo að þeir geri verulegt gagn. Sé þessu fullnægt eru helgisiðir óendanlega mikill uppbyggjandi kraftur í þágu þróunarinnar. Og sá sem er orðinn leikinn í þessu starfi er gersamlega laus við öll þau bönd sem það bindur, því að hann er búinn að ná valdi yfir því, en þeim sem finnst það vera sér þvingun er ekki flæktur í þeim, heldur í snöru sinna eigin takmarkana, og þær eru hækjurnar sem hann þarf að losna við.

Sú tegund helgisiða sem hefur „sakramentalt“ gildi krefur meiri hraða en hinar sem ekki hafa það. Öll meðferð verður að vera létt og hröð og aldrei má koma stans á eða hvíld, því þá slitnar sú háttbundna hreyfing sem þeir eiga að framleiða. Og menn verða að vera glaðir í anda á meðan þeir taka þátt í athöfninni til þess að hún geti lyft þeim. Hraðinn er einnig nauðsynlegur til þess að þátttakendur hafi engan tíma til þess að hugsa um sjálfa sig meðan á athöfninni stendur. Þeir verða að gleyma sjálfum sér gersamlega og hinum veraldlegu högum sínum og lifa í andanum. Þetta gerir hvern einstakan og heildina móttækilega fyrir hina miklu orku sem flýtur í gegnum athöfnina. Því betur sem þessu er fullnægt, því víðari verður sá farvegur sem myndast fyrir þessa orku. Hraðinn, hin háttbundna hreyfing, nálgast og kemst í samræmi við hina háttbundnu hreyfingu náttúrunnar og hinna æðri veralda, og verður því farvegur frá þeim niður í jarðríki.

Helgisiðirnir eru eins konar tónverk sem mennirnir hafa fyrir sér er þeir leika á hið mikla, guðdómlega hljóðfæri, náttúruna, og láta hana framleiða guðdómlega samhljóma, sem að öðrum kosti lægju þögulir í skauti hennar.

**Jón Árnason prentari.**